

Miðvikudaginn 2. október 1968.

Nr. 108/1968. **Auðbjörg h/f**
 gegn
Valgeiri Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Auðbjörg h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1968.

Nr. 126/1968. **Ákærvaldið**
 (Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn
Ásgeiri Ásgeirssyni
 (Jón Finnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða er í héraðsdómi réttilega heimfært til ákvæða umferðarlaga nr. 26/1958, sem í gildi voru, er slys það varð, sem mál þetta er af risið. Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ásgeir Ásgeirsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 19. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 554—555/1967: Ákærvaldið gegn Ásgeiri Ásgeirssyni og Jóni Hjartarsyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 23. október 1967, höfðað á hendur Ásgeiri Ásgeirssyni skrifstofustjóra, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, fæddum 9. ágúst 1897 að Hrutsholti í Hnappadalssýslu, og Jóni Hjartarsyni, Snorrabraut 83, Reykjavík, fæddum 5. júní 1946 að Eyri í Kjós.

Gegn ákærða Ásgeiri er málið höfðað fyrir að hafa föstudaginn 7. október 1966 um kl. 1450, er ákærði ók bifreið sinni, R 666, austur Austurbrún í Reykjavík á miðjum vegi, eigi gætt nægrar varkárni með þeim afleiðingum, að hann lenti í árekstri við bifreiðina R 9433, sem ekið var á undan bifreið ákærða og sveigt var að innkeyrslu hússins nr. 6 við Austurbrún, en við áreksturinn missti ákærði vald á bifreið sinni með þeim afleiðingum, að hún lenti á Þórunni Sigurlaugu Jóhannsdóttur, Austurbrún 6, sem kom gangandi utan vegar vestur með götunni, en síðan á kyrrstæða bifreið, R 2018, sem stóð utan vegar, og loks í garði hússins nr. 25 við Austurbrún. Nefnd kona slasaðist mikið við áreksturinn, m. a. hlaut hún brot á vinstra fæti og nefi, marðist mikið í andliti og lá meðvitundarlaus í 4 sólarhringa.

Gegn ákærða Jóni er málið höfðað fyrir að hafa, er hann sveigði bifreiðinni R 9433 að innkeyrslunni að Austurbrún 6, svo sem áður er lýst, eigi gætt nægilega að umferð, sem á eftir kom,

og með því orðið meðvaldur að árekstrinum við bifreiðina R 666 og að nefndu slysi.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, brot nefnds Ásgeirs auk þess við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 47. gr. og 1. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, en brot ákærða Jóns einnig við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 46. gr., 1. mgr. 49. gr. og 4. mgr. in fine, sbr. 2. mgr. 52. gr., sbr. 80. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða Ásgeirs hljóðar svo:

- 1938 13/7 í Reykjavík: Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18/1901.
- 1947 14/11 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1949 16/12 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur öku-leyfi í 6 mánuði fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot.
- 1950 14/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1952 15/2 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
- 1967 26/7 í Reykjavík: Dómur: Ákærður fyrir meint brot gegn 219. gr. hegningarlaga og umferðarlaga. Málinu vísað frá dómi.

Sakavottorð ákærða Jóns hljóðar svo:

- 1967 4/4 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga.
- 1967 7/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot gegn 45. gr. umferðarlaga.
- 1967 26/7 í Reykjavík: Dómur: Ákærður fyrir meint brot gegn 219. gr. hegningarlaga og umferðarlaga. Málinu vísað frá dómi.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 7. október 1966, klukkan 1450, var lögreglu tilkynnt, að árekstur hefði orðið litlu fyrr á Austurbrún móts við Dragaveg hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu rekizt saman fólksbifreiðin R 666, sem ákærði Ásgeir ók, og sendiferðabifreiðin R 9433, sem ákærði Jón stjórnaði. Í skýrslu sinni um áreksturinn segir Jónas Bjarnason lögreglumaður meðal

annars svo: „... þarna hafði orðið árekstur milli bifreiðanna R 9433 og R 666. Báðar bifreiðarnar munu hafa verið á leið suður Austurbrún, og var þeirri fyrrnefndu ekið á undan. Ökumaður hennar (sic) beygði til hægri á götunni, en lenti þá í vinstri hlið R 666, sem mun hafa verið að aka fram úr. Við það missti ökum. R 666 vald á bifreiðinni, sem eftir ummerkjum á staðnum að dæma hefur aukið hraðann og farið út af malbikuðu akbrautinni í boga til hægri eftir malaruppfyllingu vestan við götuna, rúml. 20 metra. Þar hafi hún lent á fótgangandi konu, sem stödd var vestan við götuna. Konan virtist hafa lent beint framan á bifreiðinni, runnið upp á vélarhús hennar og síðan upp á þakið og niður af henni að aftan og borizt þannig með bifreiðinni nokkurn spöl, en á þeirri leið hafði R 666 rekizt með hægri hliðina utan í bifreiðina R 2018, sem stóð mannláus vestan við akbrautina. Þar hafði bifreiðin þverbeygt til vinstri þvert yfir malbikuðu brautina og lent á lágum steinvegg við húsið nr. 25. Brotnaði þá smávegis ofan af steinveggnum, en bifreiðin fór yfir hann og hafnaði niðri í niðurgröfnum húsagarði, sem er um 2 metr. lægri en gatan. Eftir slysið lá umrædd kona, Þórunn Jóhannsdóttir, á akbrautinni, en ökum. R 666 var í framsæti bifr. sinnar, og voru þau bæði slösuð. Sjúkrabifreið kom á staðinn og flutti þau á slysavarðstofuna. Ökum. bifr. R 9433, Jón Hjartarson, skýrði svo frá, að hann hafi verið á leið suður Austurbrún og ætlað að beygja til hægri heim að húsblökkinni nr. 6. Er hann hafi nálgast umrætt hús, kvaðst hann hafa gefið stefnuljós til hægri, en ekki athugað að gæta að umferð á eftir í baksýnispeglinum, fyrr en um leið og hann hafi beygt, en í því hafi R 666 komið fram með hægri hlið bifreiðar sinnar. Kvaðst hann þegar hafa hemlað, en áreksturinn skeð nær jafnsnemma. Eftir áreksturinn hafi R 666 haldið áfram á mikilli ferð, fyrst til hægri út af akbrautinni, þar sem hún hafi lent á konunni, og síðan beygt til vinstri og lent á bifr. R 2018 og því næst þvert yfir götuna og endaði, eins og fyrr greinir, niðri í húsagarðinum. Sjáanlegar skemmdir á bifr. R 9433 voru: Beyglur í hægri framhorni yfirbyggingar, og framstuðari hafði rifnað frá hægri megin. — Bfr. R 666 var mikið skemmd. Báðar hliðar hennar voru mikið beyglaðar, framendi og lok á vélarhúsi beyglað. Greinileg ummerki á bifreiðinni sýndu, að konan hafði lent upp á vélarhúslök hennar, þar sem þar var bæði blóð og hár, og síðan var blóðslóð upp á þak bifreiðarinnar og niður á lokið á farangursgeymslunni. Ökum. bifr. R 666, Ásgeir Ásgeirsson, hafði lent á stýrishjóli og fram-

rúðu bifreiðar sinnar og brotið hvort tveggja. Hann var, eins og fyrr greinir, fluttur í sjúkrabifreið á slysavarðstofuna. Kl. 1730 hafði hann samband símleiðis við lögregluna. Hann skýrði svo frá, að hann hafi verið á leið suður Austurbrún á rólegri ferð. Allt í einu hafi hann orðið var við sendiferðabifreiðina, þar sem hún hafi verið að lenda á vinstri hlið bifreiðar sinnar. Kvaðst hann ekki geta gert sér grein fyrir, hvaðan sendiferðabifr. kom. Við höggið af árekstrinum kvaðst hann hafa kastast frá stýri bifreiðarinnar og við það misst vald á henni. Hafi hann orðið var við, er konan lenti fyrir henni, en ekki, að hann lenti í árekstri við R 2018, og síðan rankað við sér, er bifreiðin var komin niður í húsagarðinn. Engin hemlaför sjáanleg. Yfirborð vegarins malbikað. Dagsbirta, sólskin og færi þurrt . . .“.

Ákærði Ásgeir Ásgeirsson skýrði svo frá atvikum málsins, að greint sinn hefði hann ekið bifreið sinni, R 666, suður Austurbrún á um 30 km. hraða miðað við klukkustund. Ekki sagðist ákærði hafa orðið var við nokkra umferð, hvorki fyrir framan til hliðar né fyrir aftan sig, en þá er hann kom á gatnamót Austurbrúnar og Dragavegar, hefði hann ekki vitað fyrir til en bifreið var allt í einu komin honum á vinstri hönd í um 1 metra fjarlægð, og var henni ekið skáhalt fram fyrir bifreið hans. Kvaðst ákærði hafa sveigt undan til hægri og samtímis hemlað, en snöggur og harður árekstur orðið, og sagðist ákærða ekki vera ljóst, hvað síðan gerðist, fyrir en bifreið hans hafði stöðvazt í garði hússins Austurbrúnar 25, en þó mundi hann óljóst eftir manneskju fyrir framan bifreið sína á gangbraut til hægri. Ákærði kvaðst hafa ekið eftir vinstri akbrautarhluta, en við miðlínu götunnar. Hann sagði, að sólskin hefði aðeins verið á móti sér, en ekkert hindrað sig, þar sem hann var með sólgleraugu. Ákærði mótmælti því sem röngu, er fram kæmi í skýrslu Jónasar Bjarnasonar lög-
regluþjóns um efni símtals þeirra. Sagðist ákærði að vísu hafa talað eitthvað um áreksturinn við lögreglumanninn, en ekki minnst þess að hafa rætt um aðdraganda slyssins við hann.

Ákærði Jón Hjartarson kvaðst hafa verið á leið að húsinu Austurbrún 6 og ekið bifreiðinni R 9433 suður götuna á um 35 km. hraða miðað við klukkustund. Hann sagðist hafa gefið stefnumerki til hægri með góðum fyrirvara og dregið úr hraða bifreiðarinnar, bæði vegna varúðar til vinstri gagnvart Dragavegi og eins vegna afleggjarans að Austurbrún 6, sem væri næstum andspænis Dragavegi. Öskukilyrði hefðu verið góð, en sól lágt á lofti á móti honum. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við bif-

reiðina R 666, fyrr en bifreið hans var rétt að byrja að snúast, og hefði hann þá séð hana í gegnum hliðarrúður sinnar bifreiðar, er hann var að horfa í hliðarspegil hennar, þá þegar sveigt frá og hemlað og ferð bifreiðar hans verið lítil sem engin, er árekstur varð. Hann sagði, að væg snerting hefði orðið milli hægra framenda og höggvara sinnar bifreiðar og aftasta hluta vinstri framhurðar sem og afturhurðar bifreiðarinnar R 666. Ákærða fannst bifreiðinni R 666 vera ekið áfram í stóran sveig á jöfnum hraða, sem var talsverður, en þó enginn ofsahraði, og skall hún á konu, sem var um 3 metra utan akbrautarinnar. Virtist ákærða konan takast á loft, strjúkast eftir þaki bifreiðarinnar, en renna síðan aftur af henni og til jarðar. Þessu næst var bifreiðinni R 666 ekið á jeppabifreið, sveigt þvert yfir götuna og hafnaði loks inni í húsagarði.

Vitnið Rafn Vick Bjarnason málari, Álftamýri 24 hér í borg, sem statt var við húsið Austurbrún 6, sagðist ekki hafa tekið eftir akstri bifreiðanna fyrir árekstur og því ekki geta borið um, hvaðan þær komu, en vitnið sá þær í sömu mund og árekstur varð, og voru þær þá báðar á hreyfingu. Vitnið sagði, að hraði bifreiðarinnar R 666 hefði verið mikill eftir áresturinn og bifreiðin farið stóran sveig upp á lóð hússins, en vitnið sá ekki, er henni var ekið á konuna eða jeppabifreiðina, þar sem moldarbingur byrgði því sýn. Vitnið staðhæfði, að stefnuljós hefðu verið tendruð á bifreiðinni R 9433 að árekstri afstaðnum.

Vitnið Sigurður Jónsson iðnnemi, Hringbraut 59, Reykjavík, kom ekki á staðinn, fyrr en eftir að árekstur var orðinn. Vitnið kom að bifreiðinni R 666 og sagði, að ökumaður hefði setið undir stýri, haldið á sólgleraugum í hendinni og greinilega verið með meðvitund. Vitnið fullyrti, að hægri stefnuljós bifreiðarinnar R 9433 hefðu verið tendruð, er það kom á vettvang.

Kona sú, sem fyrir bifreiðinni R 666 varð, Þórunn Sigurlaug Jóhannsdóttir, sagðist ekkert hafa orðið vör við bifreiðina, áður en hún skall á henni, ekki muna eftir nokkru í sambandi við slysið og því ekkert um málsatvik geta borið.

Vitnið Runólfur Sigtryggsson verzlunarmaður, Austurbrún 6 hér í borg, kvaðst hafa verið á gangi utan hinnar malbikuðu brautar ásamt eiginkonu sinni, Þórunni Sigurlaugu Jóhannsdóttur. Vitnið sá ekki árekstur bifreiðanna R 666 og R 9433 og vissi ekki fyrr til en ákærði Ásgeir ók á konu þess. Barst hún með bifreiðinni nokkurn spöl, og sá vitnið hana á þaki bifreiðarinnar, en síðan kastaðist hún aftur fyrir bifreiðina og féll til jarðar,

án þess þó að bifreiðin færi yfir hana, og þar lá hún í blóði sínu meðvitundarlaus. Bifreiðin R 666 þaut yfir götuna á mjög miklum hraða og hvarf vitninu sjónum niður í húsagarð austan hennar.

Vitnið Kristmundur Jóhannes Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar rannsóknarlögreglu, Bogahlíð 9 hér í borg, kvaðst ekki muna eftir förum á vettvangi, sem gefið gætu til kynna, hvernig bifreiðunum var ekið, áður en árekstur varð.

Vitnið Guðmundur Erlendsson rannsóknarlögreglumaður, Drangagötu 1, Hafnarfirði, kom á vettvang skömmu eftir árekstur til myndatöku. Minnst vitnið engra ummerkja á árekstrarstað varðandi akstur bifreiðanna fyrir árekstur.

Vitnið Þorlákur Runólfsson lögreglumaður, Langagerði 50, Reykjavík, staðfesti vettvangsteikningu sína fyrir dómi, en mundi ekki til fara á staðnum, sem ljósi gætu varpað á aðdraganda árekstrarins.

Vitnið Jónas Bjarnason lögreglumaður, Bakkagerði 3 hér í borg, staðfesti lögregluskýrslu sína í dómi. Vitnið sagðist ekki hafa séð vegsummerki á staðnum, er sýndu akstur bifreiðanna fyrir árekstur. Vitnið kvaðst hafa átt símtal við ákærða Ásgeir, ritað lögregluskýrslu sína litlu eftir það samtal og staðhæfði, að rétt væri þar eftir ákærða haft.

Lögð hafa verið fram í málinu tvö læknisvottorð um meiðsl Þórunnar Sigurlaugar Jóhannsdóttur. Í vottorði dr. med. Bjarna Jónssonar yfirlæknis, sem dagsett er 31. janúar 1967, segir svo:

„... Þórunn Sigurlaug Jóhannsdóttir, f. 18. 4. 1898, til heimilis að Austurbrún 6 í Reykjavík, var lögð í Landakotsspítala þ. 7. 10. 1966. Hún hafði orðið fyrir bílslysi, verið flutt í Slysavarðstofuna og þaðan hingað.

Við komu var sj. með meðvitund, en mundi ekki, hvað fyrir hafði komið, hún var þjád og dálítið lostin. Það blæddi mikið úr nefi, og nefið var bólgið, á enni var lítið sár. Á h. olnboga var 2ja cm. langt sár og annað sár á v. rist og enn eitt á h. sköflung. Sjáöldur voru jafnstór, svöruðu ljósi, blóðhlaup voru í augntóftum. Brjóst lyftist jafnt beggja vegna við öndun, hlustun á lungum og hjarta eðlileg. Púls 100. Hún hreyfði alla útlími, sinaviðbrögð voru eðlileg, v. hæll var nokkuð bólgin. Tróð var sett í nefið, og stöðvaðist sú blæðing fljótlega. Sárin voru saumuð. Blóðþrýstingur fór niður í 90, en við blóðgjöf og macrodec hækkaði hann aftur og stabiliseraðist í 130/70. Sj. reyndist hafa mikið hækkaðan blóðsykur, og Röntgenskoðun sýndi, að v. hælbein var brotið.

Sj. var tekinn til meðferðar hjá lyflæknum vegna sykursýkinnar, og þegar blóðsykur var orðinn eðlilegur og stöðugur, var gert að hælbrotinu og lagðar gipsumbúðir á fótinn. Þ. 3. 12. voru gipsumbúðir teknar, og nokkru seinna byrjaði sj. að hafa fótavist með teygjuplástursumbúðir. Hún fór af spítalanum þ. 14. 12. og gat þá farið ferða sinna innan húss. Hún var á meðölum við sykursýkinni, og hélzt blóðsykur í góðu lagi.

Hér er um að ræða 68 ára gamla konu, sem lenti í umferðarslysi í októberbyrjun. Hún fékk áverka á höfuð og víða sár og skrámur og hafði auk þess hækkaðan blóðsykur og brot á vinstra hæl. Sárin greru vel, og hún virtist jafna sig vel af höfuðáverknum, og sykursýkinni var haldið í skefjum. Hælbrotið greri, en eins og títt er um hælbrot, náðist það ekki í alveg réttar skorður, og er trúlegt, að hælbrotið verði henni til бага þann veg, að hún kenni sársauka í ökla við göngur“.

Vottorð Bergsveins Ólafssonar augnlæknis, dagsett 8. febrúar 1967, hljóðar svo: „Þórunn Sigurlaug Jóhannsdóttir, 68 ára gömul. Austurbrún 6 hér í borg.

Vottorð v/slyss, sem hún varð fyrir þ. 7. október s. l.:

Augu útvortis eðlileg. Augnhreyfingar eðlilegar. Sjón með gleraugnacorreption er nú: Hægra auga — 6/24. Vinstra auga — 6/60.

Sjónsvið óskert á hægra auga, en fjórðungs brottfall á sjónsviði vinstra augans. Neðri nasali hlutinn blindur alveg að fixationspunkti. Lessjón hefur hún góða á hægra auga, en það vinstra er ónýtt til lestrar vegna skerðingar á sjónsviði, svo sem að ofan getur. Við augnspeglun sést grugg í glervökvum beggja augna og auk þess nýleg blæðing í macularsvæði vinstra augans.

Næst fyrir slysið hafði sjón hennar verið mæld á lækningastofu minni þ. 18. febrúar 1966 og var þá með gleraugnacorreption:

Hægra auga — 6/24 + lessjón sæmileg.

Vinstra auga — 6/24 + og svipuð á báðum augum.

Sjón var svo mæld, einnig á lækningastofu minni, þ. 14. janúar 1967, og reyndist þá með gleraugnacorreption:

Hægra auga — 6/24.

Vinstra auga 6/40 sjónsviðsskerðing sú sama og við síðustu skoðun. Ég tel fullvíst, að sjónsviðsskerðingin á vinstra auga hafi hlotizt af slysinu, enda varð hennar strax vart í sjúkralegu Þórunnar eftir slysið. Sjónsviðsskerðingin veldur lestrarblindu augans og gerir það ónýtt að mestu til lestrar og allrar fín-

gerðari handavinnu. Hins vegar hefur sjón hinnar slösuðu ávallt verið frekar dauf vegna meðfæddra sjónlagsgalla.

Afturför sjónar vinstra augans frá 14. jan. til 6. febr. þetta ár stafar vafalaust frá blæðingu í vinstri macularregion. Hvort þessi blæðing hefur orsakast af afleiðingum slyssins, er mjög erfitt að segja, þar sem konan er haldin sykursýki, en sá sjúkdómur orsakar iðulega slíkar blæðingar í augnbotna. Samt má gera ráð fyrir, að við slysið hafi æðakerfi augnanna orðið fyrir skemmdum og blæðingarhættan við það aukizt og þess vegna ekki hægt að firra slysið allri sök á sjóndepru þeirri, er af blæðingu þessari kann að hljóta.

Það skal tekið fram, að sjóndepra sú, sem sjónsviðsskerðingin orsakar, er varanleg, en sjóndepran, sem blæðingin hefur orsakað, kann að minnka eitthvað, en hún getur alveg eins aukizt og eyðilagst sjón augans alveg. Um slíkt verður ekkert fullyrt á þessu stigi sjúkdómsins“.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, að ákærðu hafi ekki sýnt næga varúð í akstri greint sinn, orðið allt of seint varir við ferðir hvors annars, þá er þeir óku um fjölfarna akbraut við góð akstursskilyrði, og verða hin alvarlegu meiðsl konunnar Þórunnar Sigurlaugar Jóhannsdóttur talin bein afleiðing árekstrarins. Atferli ákærðu varðar við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26., sbr. 37. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Ákærðu var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt, en hvorugur þeirra vildi á þá lausn fallast.

Refsing ákærðu hvors um sig samkvæmt 219. gr. hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt, en vararefsing varðhald 4 dagar, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Ekki þykir alveg næg ástæða til að svipta ákærðu ökuréttindum.

Dæma ber ákærða Ásgeir til að greiða málsvarnarlaun Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00, og ákærða Jón til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Ásgeir Ásgeirsson greiði 3.000.00 króna sekt til ríkis-

sjóðs, en sæti varðhaldi 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Jón Hjartarson greiði 3.000.00 króna sekt í ríkis-sjóð, en sæti varðhaldi 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Ásgeir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 4.000.00, og ákærði Jón málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar héraðsdómslögmanns, krónur 4.000.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1968.

Nr. 54/1967. **Einar Bjarnason**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Jóni Gíslasyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarmennir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason.

Sambýli. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1967 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 18.207.52 með 8% ársvöxtum af kr. 13.295.80 frá 11. nóvember 1958 til 27. apríl 1960 og af kr. 18.207.52 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.